

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/26

2019/EES/58/01

frá 8. janúar 2019

um viðbót við lögjölf Sambandsins um gerðarviðurkenningu að því er varðar útgöngu Bretlands úr Sambandinu (*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland frá og með þeim degi þegar útgöngusamningurinn tekur gildi eða, sé ekki um slíkan samning að ræða, tveimur árum eftir tilkynninguna, þ.e. 30. mars 2019, nema leiðtogaráðið, í samráði við Bretland, ákveði einróma að framlengja það tímabil.
- 2) Útgöngusamningurinn sem samningsaðilarnir hafa komið sér saman um hefur að geyma fyrirkomulag sem gerir kleift að beita lagaákvæða Sambandsins um Bretland og í Bretlandi eftir daginn sem sáttmálarnir falla úr gildi um Bretland og í Bretlandi. Ef sá samningur tekur gildi mun lögjölf Sambandsins um gerðarviðurkenningu gilda um Bretland og í Bretlandi á umbreytingartímabilinu í samræmi við þann samning og mun falla úr gildi við lok þess tímabils.
- 3) Settur var heildarlagarammi um ESB-gerðarviðurkenningu með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ⁽³⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 ⁽⁴⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 ⁽⁵⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 ⁽⁶⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 8I, 10.1.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 110/2019 frá 8. maí 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 440, 6.12.2018, bls. 95.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 11. desember 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 20. desember 2018.

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 frá 5. febrúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað eða skógrækt (Stjtið. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 1).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjtið. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52).

(6) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 frá 14. september 2016 um kröfur varðandi losunarmörk mengandi lofttegunda og efnisagna og gerðarviðurkenningu brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega, um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1024/2012 og (ESB) nr. 167/2013 og um breytingu og niðurfellingu tilskipunar 97/68/EB (Stjtið. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 53).

- 4) Þessar gerðir gefa framleiðendum færi á að velja gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem þeir kjósa að fá gerðarviðurkenninguna frá, sem gerir þeim kleift að setja á markað Sambandsins ökutæki, kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar.
- 5) Útganga Bretlands úr Sambandinu myndi, ef ekki er um að ræða nein sérákvæði, hafa þau áhrif að EB-gerðarviðurkenningar og ESB-gerðarviðurkenningar, sem gerðarviðurkenningaryfirvald í Bretlandi hefur áður veitt í samræmi við stjórnvaldsfyrirmæli Sambandsins, gætu ekki lengur tryggt aðgang að markaði Sambandsins. Framleiðendur með staðfestu í öðrum aðildarríkjum en Bretlandi eru einnig handhafar slíkra gerðarviðurkenninga. Jafnvel þótt hægt sé að setja á markað Sambandsins ökutæki, kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar sem eru gerðarviðurkennd í Bretlandi í samræmi við stjórnvaldsfyrirmæli Sambandsins, þar til löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu hættir að gilda um Bretland og í Bretlandi, er nauðsynlegt að setja sérákvæði í þeim tilgangi að greiða fyrir setningu þessara ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga á markað Sambandsins eftir þann dag.
- 6) Sem stendur veitir löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu ekki möguleika á að samþykkja nýja gerðarviðurkenningu gerða sem hafa þegar verið gerðarviðurkenndar annars staðar innan Sambandsins. Hins vegar ættu framleiðendur að geta haldið áfram að framleiða ökutæki, kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar, sem áður hafa byggst á gerðarviðurkenningum sem gerðarviðurkenningaryfirvald í Bretlandi veitti, og haldið áfram að setja slík ökutæki, kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar á markað Sambandsins. Því er nauðsynlegt að framleiðendur hafi kost á að fá nýjar gerðarviðurkenningar frá gerðarviðurkenningaryfirvöldum í öðrum aðildarríkjum en Bretlandi.
- 7) Reglugerð þessi ætti einnig að tryggja að framleiðendur haldi áfram að hafa eins víðtækt frelsi og mögulegt er til að velja nýtt ESB-gerðarviðurkenningaryfirvald. Sér í lagi ætti þetta val framleiðanda ekki að vera háð samþykki gerðarviðurkenningaryfirvalds í Bretlandi eða einhverju fyrirkomulagi meðal gerðarviðurkenningaryfirvalds í Bretlandi og nýja ESB-gerðarviðurkenningaryfirvaldsins.
- 8) Til að skapa nauðsynlega réttarvissu fyrir alla hlutaðeigandi hagsmunaaðila og tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir framleiðendur er nauðsynlegt að mæla fyrir um, á gagnsæjan hátt, jöfn skilyrði sem gilda í öllum aðildarríkjum.
- 9) Til að unnt sé að halda framleiðslu áfram og setja á markað ökutæki, kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar ættu kröfurnar, sem gerðarviðurkenningar þeirra eiga að uppfylla til að gerðarviðurkenningaryfirvald í öðru aðildarríki en í Bretlandi samþykki þær, að vera þær sem gilda um að setja á markað ný ökutæki, kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar og ekki þær sem gilda um nýjar gerðarviðurkenningar gerða.
- 10) Kröfurnar um ný ökutæki, kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar gilda sömuleiðis um framleiðendur sem eru handhafar gerðarviðurkenninga sem önnur aðildarríki en Bretland veita. Markmiðið með að setja sömu kröfur um samþykki gerðarviðurkenninga gerða, samkvæmt þessari reglugerð, og um setningu á markað ný ökutæki, kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar á þannig að tryggja jafna meðferð framleiðenda sem verða fyrir áhrifum af útgöngu Bretlands og þeirra sem eru handhafar gerðarviðurkenninga sem önnur aðildarríki en Bretland veita.
- 11) Ekkert í þessari reglugerð ætti að koma í veg fyrir að ökutækjaframleiðandi sækji, að eigin frumkvæði, um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutækjagerð, sem áður hefur fengið gerðarviðurkenningu í Bretlandi á grundvelli tiltekinna krafna sem gilda um nýjar tegundir kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga, þar sem ökutækjagerðin er að öðru leyti nákvæmlega eins og sú sem viðurkennd er í Bretlandi.
- 12) Gerðarviðurkenningar, sem sótt er um fyrir algjörlega nýjar gerðir ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga, ættu ekki að falla innan gildissviðs þessarar reglugerðar.
- 13) Það ætti að vera mögulegt að gerðarviðurkenningar, sem veittar eru á grundvelli þessarar reglugerðar, byggist á prófunarskýrslum, sem þegar hafa verið lagðar fram í þeim tilgangi að fá gerðarviðurkenningar í Bretlandi, ef kröfurnar sem skapa grundvöll fyrir slíkar prófunarskýrslur hafa ekki breyst. Til þess að hægt sé að halda áfram að nota prófunarskýrslur, sem tækniþjónustan hefur gefið út og Bretland tilkynnt um, ætti í þessari reglugerð að kveða á um undanþágu frá kröfunni um að yfirvaldið sem veitir gerðarviðurkenninguna verði að tilnefna slíka tækniþjónustu og að aðildarríkið verði að tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Til þess að taka einnig til þess tíma þegar löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu hefur hætt að gilda í Bretlandi og um Bretland ætti í þessari reglugerð að kveða á um undanþágu frá sértæku kröfunum varðandi tilnefningu og tilkynningu um tækniþjónustu í þriðju löndum.

- 14) Þar að auki, þar sem ESB-gerðarviðurkenningaryfirvöld eiga að vera að fullu ábyrg fyrir nýjum ESB-gerðarviðurkenningum sem þau veita, ætti þeim að vera heimilt að krefjast þess að nýjar prófanir séu framkvæmdar varðandi þá þætti gerðarviðurkenningarinnar sem þau telja nauðsynlegt.
- 15) Ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð ættu almennar reglur um EB-gerðarviðurkenningu og ESB-gerðarviðurkenningu að gilda áfram.
- 16) Taka ætti tillit til þess að hlutverkið sem gerðarviðurkenningaryfirvöldum er ætlað takmarkist ekki við að framleiða eða setja á markað ökutæki, kerfi, íhluta eða aðskildar tæknieiningar, heldur taki til margra ára eftir að þessi ökutæki, kerfi, íhlutar og aðskildar tæknieiningar hafa verið sett á markað. Þetta gildir einkum að því er varðar skuldbindingar um samræmi ökutækja í notkun sem falla undir tilskipun 2007/46/EB og að því er varðar upplýsingaskyldu um viðgerðir og viðhald og mögulegar innkallanir á ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem falla undir tilskipun 2007/46/EB, reglugerð (ESB) nr. 167/2013, reglugerð (ESB) nr. 168/2013 eða reglugerð (ESB) 2016/1628. Því er nauðsynlegt að yfirvaldið sem veitir ESB-gerðarviðurkenninguna taki yfir þær skuldbindingar, einnig að því er varðar ökutæki, kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar sem byggjast á sömu gerð og hefur þegar verið sett á markað Sambandsins á grundvelli gerðarviðurkenningar í Bretlandi, til að tryggja að um sé að ræða ábyrgt gerðarviðurkenningaryfirvald.
- 17) Þegar framleiðendur nýta sér þær málsmeðferðarreglur sem settar eru fram í þessari reglugerð getur gerðarviðurkenning í Bretlandi, sem þeir hafa fengið, fallið úr gildi áður en löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu hættir að gilda um Bretland og í Bretlandi vegna veitingar gerðarviðurkenningar í Sambandinu fyrir sömu gerð. Þar sem framleiðendur ættu ekki að líða fyrir að hafa nýtt sér þessa reglugerð ætti að heimila að lager af ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum, sem framleidd eru á grundvelli gildrar gerðarviðurkenningar í Bretlandi, séu sett á markað, skráð og tekin í notkun, um leið og framleiðendurnir hafa fengið nýja ESB-gerðarviðurkenningu og svo framarlega sem löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu gildi áfram í Bretlandi og um Bretland, að því tilskildu að þau ökutæki, kerfi, íhlutar og aðskildar tæknieiningar haldi áfram að uppfylla almennar kröfur þeirra lagagerða sem taldar eru upp í 1. gr. Þar sem tímasetning þess að setja á markað, skrá og taka í notkun getur verið breytileg ætti um leið og þær aðgerðir hefjast að ákvarða frestinn sem settur er fram í þessari reglugerð.
- 18) Einnig er nauðsynlegt að ESB-gerðarviðurkenningaryfirvald taki yfir tilteknar skuldbindingar að því er varðar ökutæki, kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar sem sett voru á markað Sambandsins á grundvelli gerðarviðurkenninga í Bretlandi sem eru annaðhvort ekki lengur í gildi samkvæmt 17. gr. tilskipunar 2007/46/EB, 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013, 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 eða 30. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628 eða þar sem ekki hefur verið sótt um neina ESB-gerðarviðurkenningu. Til að tryggja að ESB-gerðarviðurkenningaryfirvald sé ábyrgt ætti að fela framleiðendum að fara þess á leit við ESB-gerðarviðurkenningaryfirvald, sem á að samþykkja gerðir sem þegar hafa verið samþykktar í Bretlandi, að taka á sig skyldur varðandi innkallanir, viðgerðir og viðhald sem og prófanir á samræmi ökutækja í notkun að því er varðar ökutæki þeirra, kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar sem byggjast á öðrum gerðum og hafa þegar verið settar á markað Sambandsins. Til að takmarka umfang skuldbindinga ESB-gerðarviðurkenningaryfirvaldsins ættu þær skuldbindingar aðeins að varða ökutæki, kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar sem byggjast á gerðarviðurkenningum í Bretlandi sem veittar voru eftir 1. janúar 2008.
- 19) Ákvarðanir yfirvalda hvers aðildarríkis sem teknar eru í samræmi við 27. gr. (3. mgr.) tilskipunar 2007/46/EB, 39. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 eða 44. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 168/2013, á sama tíma og löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu gildir enn um Bretland og í Bretlandi, sem gerir kleift að bjóða fram á markaði, að skrá eða að taka í notkun síðustu ökutæki gerðar sem eru í samræmi við gerð með gerðarviðurkenningu í Bretlandi sem hefur fallið úr gildi fyrir þann dag sem löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu hættir að gilda um Bretland og í Bretlandi, ættu að gilda áfram.
- 20) Undanþágur og umbreytingarákvæði sem gilda um hreyfla eða ökutæki og færanlegan vélbúnað til nota utan vega, þar sem slíkir hreyflar hafa verið uppsettir, eins og sett er fram í 10. gr. (7. mgr.) tilskipunar 97/68/EB, 34. gr. (7. og 8. mgr.) eða 58. gr. (5.–11. mgr.) reglugerðar (ESB) 2016/1628 og í lagagerðum sem eru samþykktar á grundvelli 19. gr. (6. mgr.), 20. gr. (8. mgr.), 28. gr. (6. mgr.) og 53. gr. (12. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 167/2013, sem heimila að setja á markað slíka hreyfla, ökutæki og færanlegan vélbúnað til nota utan vega án kröfu um gilda gerðarviðurkenningu, ættu að gilda áfram.
- 21) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að bæta við tilskipun 2007/46/EB, reglugerð (ESB) nr. 167/2013, reglugerð (ESB) nr. 168/2013 og reglugerð (ESB) 2016/1628 sérreglum varðandi útgöngu Bretlands úr Sambandinu, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans

um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

- 22) Til að gera framleiðendum kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að undirbúa, án tafar, útgöngu Bretlands að því er varðar löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu ætti þessi reglugerð að öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Þessi reglugerð kemur til fyllingar tilskipun 2007/46/EB, reglugerð (ESB) nr. 167/2013, reglugerð (ESB) nr. 168/2013 og reglugerð (ESB) 2016/1628 með því að setja sérákvæði um ESB-gerðarviðurkenningu og setningu á markað ökutæki, kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar, sem gerðarviðurkenningaryfirvald í Bretlandi hefur veitt gerðarviðurkenningu, á sama tíma og löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, gildir enn um Bretland og í Bretlandi.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um ökutæki, kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar sem falla undir gildissvið tilskipunar 2007/46/EB, reglugerð (ESB) nr. 167/2013, reglugerð (ESB) nr. 168/2013 eða reglugerð (ESB) 2016/1628 og gerðir þeirra sem gerðarviðurkenningaryfirvald í Bretlandi hefur samþykkt á grundvelli þeirra lagagerða eða einhverra þeirra stjórnvaldsfyrirmæla Sambandsins sem er að finna í IV. viðauka við tilskipun 2007/46/EB eða einhverra þeirra stjórnvaldsfyrirmæla sem felld eru niður með þeim stjórnvaldsfyrirmælum Sambandsins.

2. Litið skal svo á að með tilvísunum í aðskildar tæknieiningar, samkvæmt þessari reglugerð, sé átt við tilvísanir sem taka til hreyfla samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/1628.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „ESB-gerðarviðurkenningaryfirvald“: gerðarviðurkenningaryfirvald í öðru aðildarríki en Bretlandi,
- 2) „gerðarviðurkenning í Bretlandi“: EB-gerðarviðurkenning eða ESB-gerðarviðurkenning sem gerðarviðurkenningaryfirvald í Bretlandi veitir,
- 3) „ESB-gerðarviðurkenning“: ESB-gerðarviðurkenning sem ESB-gerðarviðurkenningaryfirvald veitir í samræmi við þessa reglugerð.

4. gr.

Umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu

1. Þrátt fyrir 6. gr. (6. mgr.) og 7. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2007/46/EB, 21. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 167/2013, 26. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og 20. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) 2016/1628 er framleiðanda, sem er handhafi gerðarviðurkenningar í Bretlandi sem ekki er fallin úr gildi skv. 17. gr. tilskipunar 2007/46/EB, 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013, 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 eða 30. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628, heimilt, þar til löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenninguna sem um getur í 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, hættir að gilda um Bretland og í Bretlandi, að leggja umsókn fyrir ESB-gerðarviðurkenningaryfirvald um ESB-gerðarviðurkenningu af sömu gerð.

2. Til þess að vera viðurkennd verður gerðin að uppfylla kröfurnar um að setja á markað, skrá eða að taka í notkun ný ökutæki, kerfi, íhluta eða aðskildar tæknieiningar sem gilda á þeim tíma sem ESB-gerðarviðurkenningin tekur gildi.
3. Með því að leggja fram umsóknina, skv. 1. mgr., skal framleiðandanum skylt að greiða fullnægjandi gjöld, sem ESB-gerðarviðurkenningaryfirvaldið mælir fyrir um, að því er varðar hvers konar kostnað sem hlýst af því að beita heimildum og standa við skuldbindingar ESB-gerðarviðurkenningaryfirvaldsins í tengslum við ESB-gerðarviðurkenninguna.
4. Þegar framleiðandinn leggur fram umsókn, skv. 1. mgr. þessarar greinar, skal hann, að beiðni ESB-gerðarviðurkenningaryfirvaldsins, leggja fram öll skjöl og upplýsingar sem yfirvaldið telur nauðsynlegt til að ákveða hvort veita eigi ESB-gerðarviðurkenningu í samræmi við 5. gr.

Skjölín og upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, geta innihaldið upprunalegu gerðarviðurkenninguna í Bretlandi, þ.m.t. allar breytingar, upplýsingamöppuna og prófunarskýrslurnar. Ef um er að ræða ökutæki getur slík beiðni einnig innihaldið EB-gerðarviðurkenningu, ESB-gerðarviðurkenningu eða SP-gerðarviðurkenningu sem og tilheyrandi fylgiskjöl sem hluta af gerðarviðurkenningu fyrir fullbúin ökutæki.

5. gr.

Skilyrði fyrir veitingu ESB-gerðarviðurkenningar og áhrif hennar

1. Þrátt fyrir 8. gr. (2. mgr.), 9. gr. (1. mgr.) og 10. gr. (1. og 2. mgr.) tilskipunar 2007/46/EB, 6. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 167/2013, 7. gr. (2. mgr.) og 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og 6. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2016/1628 er ESB-gerðarviðurkenningaryfirvaldinu, sem hefur mótttekið umsókn í samræmi við 4. gr. þessarar reglugerðar, heimilt að veita ESB-gerðarviðurkenningu að því er varðar ökutæki, kerfi, íhluta eða aðskilda tæknieiningu ef viðkomandi gerð uppfyllir, á þeim tíma sem ESB-gerðarviðurkenningin öðlast gildi, gildandi kröfur um að setja á markað, skrá og taka í notkun ökutæki, kerfi, íhluta eða aðskildar tæknieiningar.
2. Svo fremi sem engar nýjar kröfur taki gildi og með fyrirvara um 3. mgr. þessarar greinar er heimilt að veita ESB-gerðarviðurkenningu á grundvelli sömu prófunarskýrslanna og áður voru notaðar við að veita gerðarviðurkenningu í Bretlandi í samræmi við gildandi ákvæði, óháð því hvort tækniþjónustan, sem gaf út prófunarskýrsluna, hafi verið tilnefnd og tilkynnt af aðildarríkinu sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna í samræmi við tilskipun 2007/46/EB, reglugerð (ESB) nr. 167/2013, reglugerð (ESB) nr. 168/2013 eða reglugerð 2016/1628 og jafnvel eftir að löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, hættir að gilda um Bretland og í Bretlandi.
3. Áður en ESB-gerðarviðurkenning er veitt er ESB-gerðarviðurkenningaryfirvaldinu heimilt að óska eftir að tiltekna prófanir verði endurteknar. Í því tilviki skulu þær prófanir framkvæmdar hjá tækniþjónustu sem aðildarríki ESB-gerðarviðurkenningaryfirvaldsins hefur tilnefnt og tilkynnt í samræmi við tilskipun 2007/46/EB, reglugerð (ESB) nr. 167/2013, reglugerð (ESB) nr. 168/2013 eða reglugerð (ESB) 2016/1628.
4. Gerðin, sem viðurkennd er í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, skal fá ESB-gerðarviðurkenningarvottorð með númeri sem samanstendur af auðkennisnúmeri aðildarríkisins þar sem gerðarviðurkenningaryfirvaldið veitti ESB-gerðarviðurkenninguna og númeri videigandi lagagerðar sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Hún skal einnig innihalda númer síðustu breytingar á lagagerðinni sem inniheldur kröfur um gerðarviðurkenningu sem ESB-gerðarviðurkenningin er veitt í samræmi við. Fyrir ökutæki skal gerðarviðurkenningarvottorðið og samræmisvottorðið, undir liðnum „Athugasemdir:“, innihalda tilgreininguna: „Áður gerðarviðurkennt sem“ og vísa til númersins og dagsetningarinnar sem ESB-gerðarviðurkenningin fékk í kjölfar gerðarviðurkenningar í Bretlandi. Fyrir kerfi, íhluta eða aðskildar tæknieiningar skal gerðarviðurkenningarvottorðið innihalda tilgreininguna „Áður gerðarviðurkennt og merkt sem“ og vísa til gerðarviðurkenningarmerkisins sem úthlutað var í kjölfar gerðarviðurkenningar í Bretlandi.
5. ESB-gerðarviðurkenningin skal öðlast gildi á þeim degi sem hún er veitt eða þann dag sem ákvarðaður verður síðar. Gerðarviðurkenning í Bretlandi skal falla úr gildi daginn fyrir þann dag sem ESB-gerðarviðurkenningin tekur gildi. Í öllum tilvikum skal hún falla úr gildi eigi síðar en á þeim degi sem löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., hættir að gilda um Bretland og í Bretlandi.

6. ESB-gerðarviðurkenning telst vera EB-gerðarviðurkenning eða ESB-gerðarviðurkenning í skilningi tilskipunar 2007/46/EB eða einhverra af lagagerðunum sem taldar eru upp í IV. viðauka við þá tilskipun, reglugerð (ESB) nr. 167/2013, reglugerð (ESB) nr. 168/2013 eða reglugerð (ESB) 2016/1628. Öll ákvæði þeirra lagagerða sem ekki er vikið frá í þessari reglugerð skulu gilda áfram. ESB-gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal taka fulla ábyrgð á skuldbindingunum sem leiða af ESB-gerðarviðurkenningunni.

ESB-gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal einnig, frá þeim tíma sem ESB-gerðarviðurkenningin öðlast gildi, beita öllum heimildunum og uppfylla allar skuldbindingar gerðarviðurkenningaryfirvaldsins í Bretlandi að því er varðar eftirfarandi:

- a) ökutæki, kerfi, íhluta eða aðskildar tæknieiningar sem framleidd eru á grundvelli gerðarviðurkenningar í Bretlandi og sem hafa þegar verið sett á markað, skráð og tekin í notkun í Sambandinu,
- b) ökutæki, kerfi, íhluta eða aðskildar tæknieiningar sem framleidd eru á grundvelli gerðarviðurkenningar í Bretlandi og á að setja á markað, skrá eða taka í notkun í Sambandinu í samræmi við þriðju undirgrein.

Heimilt er að setja ökutæki, kerfi, íhluta eða aðskildar tæknieiningar, sem framleidd eru á grundvelli gerðarviðurkenningar í Bretlandi sem fallið hefur úr gildi sökum þess að veitt hefur verið ESB-gerðarviðurkenning, á markað, skrá þau og taka þau í notkun í Sambandinu þar til löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, hættir að gilda um Bretland og í Bretlandi eða í því tilvikum þar sem ESB-gerðarviðurkenningin fellur úr gildi fyrir þann dag skv. 17. gr. tilskipunar 2007/46/EB, 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013, 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 eða 30. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628, þar til ESB-gerðarviðurkenningin fellur úr gildi. Að því er varðar ökutæki skulu framleiðendur tilgreina ESB-gerðarviðurkenningarnúmer til viðbótar við samræmisvottorðið áður en slík ökutæki eru sett á markað, þau skráð eða tekin í notkun í Sambandinu.

ESB-gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal ekki bera ábyrgð á aðgerðum eða aðgerðaleyssi gerðarviðurkenningaryfirvaldsins í Bretlandi.

6. gr.

ESB-gerðarviðurkenningaryfirvald sem ber ábyrgð á ökutækjum, kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum sem ekki eru viðurkennd samkvæmt þessari reglugerð

1. Þegar sótt er um ESB-gerðarviðurkenningu, skv. 4. gr., skal framleiðandi einnig fara þess á leit við ESB-gerðarviðurkenningaryfirvaldið, sem um er að ræða, að yfirtaka skuldbindingar gerðarviðurkenningaryfirvalds í Bretlandi að því er varðar önnur ökutæki, kerfi, íhluta eða aðskildar tæknieiningar framleiðandans, sem sett eru á markað, skráð eða tekin í notkun í Sambandinu á grundvelli gerðarviðurkenninga í Bretlandi, sem annaðhvort hafa fallið úr gildi skv. 17. gr. tilskipunar 2007/46/EB, 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013, 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 eða 30. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628, eða þau sem ekki hefur verið sótt um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir samkvæmt þessari reglugerð.

Slík beiðni skal útbúin fyrir öll ökutæki, kerfi, íhluta og aðskildar tæknieiningar sem framleidd eru á grundvelli gerðarviðurkenningar í Bretlandi, sem framleiðandi er handhafi af, og veittar voru eftir 1. janúar 2008 nema framleiðandinn færi sönnur á það fyrir ESB-gerðarviðurkenningaryfirvaldinu að hann hafi komist að samkomulagi við annað ESB-gerðarviðurkenningaryfirvald sem tekur til þessara ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga.

2. ESB-gerðarviðurkenningaryfirvaldinu er einungis heimilt að veita ESB-gerðarviðurkenningu, í samræmi við 5. gr., eftir að það hefur samþykkt beiðnina, sem útbúin var skv. 1. mgr. þessarar greinar, og eftir að framleiðandinn hefur samþykkt að standa straum af kostnaðinum sem ESB-gerðarviðurkenningaryfirvaldið stofnar til vegna beitingar valdheimilda sinna og uppfyllingu skuldbindinga sinna að því er varðar ökutækin, kerfin, íhlutana og aðskildu tæknieiningarnar sem um er að ræða.

3. Eftir að beiðnin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, hefur verið samþykkt og ESB-gerðarviðurkenningin hefur verið veitt, í samræmi við 5. gr., skal ESB-gerðarviðurkenningaryfirvaldið beita öllum valdheimildunum og uppfylla allar skuldbindingar gerðarviðurkenningaryfirvaldsins í Bretlandi að því er varðar öll ökutæki, kerfi, íhluta eða aðskildar tæknieiningar sem eru framleiddar á grundvelli gerðarviðurkenninga í Bretlandi, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, að því er varðar upplýsingar um innkallanir, viðgerðir og viðhald og prófanir á samræmi ökutækja í notkun. ESB-gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal ekki bera ábyrgð á aðgerðum eða aðgerðaleyssi gerðarviðurkenningaryfirvalds í Bretlandi.

4. ESB-gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal upplýsa gerðarviðurkenningaryfirvöld í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórnina um þær gerðir þar sem það hefur yfirtekið skuldbindingar gerðarviðurkenningaryfirvaldsins í Bretlandi í samræmi við 1. mgr.

7. gr.

Sértæk ákvæði

Þessi reglugerð skal ekki útiloka að setja á markað, að bjóða fram á markaði, skrá eða að taka í notkun hreyfla eða ökutæki og færanlegan vélbúnað til nota utan vega, þar sem slíkir hreyflar eru uppsettir, sem samrýmast gerð þar sem gerðarviðurkenning í Bretlandi hefur fallið úr gildi á sama tíma og löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, gildir enn um Bretland og í Bretlandi, í samræmi við 10. gr. (7. mgr.) tilskipunar 97/68/EB, 34. gr. (7. og 8. mgr.) eða 58. gr. (5.–11. mgr.) reglugerðar (ESB) 2016/1628 og lagagerðir sem samþykktar eru á grundvelli 19. gr. (6. mgr.), 20. gr. (8. mgr.), 28. gr. (6. mgr.) og 53. gr. (12. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 167/2013.

8. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. janúar 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. CIAMBA

forseti.